

Breyttur afgreiðslutími sumarið 2018

Dagana 23. júlí 2018 til 3. ágúst 2018 verður Lyfjastofnun opin en lágmarkspjónusta verður veitt þá daga vegna sumarleyfa starfsfólks.

Auk þess verða eftirfarandi takmarkanir á þjónustu Lyfjastofnunar í sumar:

Klínískar lyfjarannsóknir

Ekki verður tekið við umsóknum um leyfi til klínískra lyfjarannsókna og breytinga á rannsóknaráætlun frá 25. júní 2018 til 3. ágúst 2018. Berist umsóknir á þessu tímabili verður móttaka þeirra ekki staðfest (dagur 0) fyrr en eftir 6. ágúst 2018.

Inn- og útflutningsleyfi ávana- og fíkniefna

Ekki verður tekið við umsóknum um inn- og útflutningsleyfi ávana- og fíkniefna dagana 16. júlí 2018 – 7. ágúst 2018. Umsóknir sem þarfnast afgreiðslu fyrir þann tíma þurfa að berast fyrir 12. júlí 2018.

Neyðartilvikum verður sinnt eins fljótt og hægt er.

Frá og með 11. júní 2018 verða umsóknir um inn- og útflutningsleyfi ávana- og fíkniefna afgreidd á mánudögum en ekki á miðvikudögum eins og áður var.